

Veðurstofa Íslands  
b/t Vilhjálmur Smári Þorvaldsson  
Bústaðavegi 9  
108 Reykjavík



Vestmannaeyjum 13. júlí 2016  
UST201607-073/P.V.B.  
09.05.01

## Efni: Fararleyfi - Surtsey – Veðurstofa Íslands

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Borgþórs Magnússonar, fyrir hönd Vilhjálms Smára Þorvaldssonar á Veðurstofu Íslands, dagsett 6. júlí 2016 þar sem óskað er eftir fararleyfi fyrir tvo starfsmenn Veðurstofunar til Surtseyjar vegna viðhalds veðurstöðvar í Surtsey í tvo daga á tímabilinu 18.-22. júlí 2016.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótn jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða árlegan viðhaldsleiðangur Veðurstofunar til Surtseyjar. Sinna þarf reglubundnu viðhaldi stöðvarinnar og vefmyndavélar sem þar er staðsett. Gert er ráð fyrir að tveir dagar fari í verkið með ferðum. Nákvæmd dagsetning leiðangursins fer eftir veðri.


### Niðurstaða:


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með með eftifarandi skilyrðum og gildir leyfið í tvo daga á tímabilinu 18-22. júlí 2016:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
  - Vilhjálm Smára Þorvaldsson
  - Jón Bjarna Friðriksson
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mansins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.

- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður í Surtsey á þessu tímabili.

Virðingarfyllst

  
Gunnlaug Einarsson  
Gunnlaug Einarsdóttir  
Sviðstjóri

  
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur

## Fatnaður

Þvo skal allan fatnað fyrir brottför. Ef ekki er unnt að þvo flíkur í þvottavél skal ryksuga þær eða strjúka yfir þær með bursta eða klút til að fjarlægja óreinindi og plöntuleifar. Ef ekki reynist unnt að hreinsa fatnað með viðunandi hætti skal þeim skipt út fyrir annan sem auðveldara er að hreinsa og/eða plöntur, dýr og jarðvegur eiga erfitt með að festast í.

Yfirlfara skal sauma, vasa, rennilása, uppábrot og misfellur á flíkum þar sem plöntuleifar og fræ geta safnast fyrir og hreinsa.

Hreinsa vel franska rennilása þar sem sina og fræ geta fest í þeim.

Ath sérstaklega lopa og aðrar loðnar flíkur að ekki séu að finna í þeim plöntuleifar og fræ þar sem plöntur og dýr geta auðveldlega fest sig í þeim.

## Skór

Öll sjáanlega óreinindi af skóm og stígvélum skulu hreinsuð með vatni og sólar skrúbbaðir.

Fjarlægja skal reimar úr skóm og hreinsa plöntuleifar sem safnast í tungukverkarnar áður en þær eru settar aftur í skónna

## Farangur og verkfæri

Yfirlfara skal sauma, vasa, rennilása, uppábrot og misfellur á töskum/bakpokum þar sem plöntuleifar og fræ geta safnast fyrir og hreinsa.

Farangur skal geymdur á svæðum þar sem hann kemst ekki í snertingu við plöntur, dýr eða jarðveg áður en borin er um borð í báta/þyrlur fyrir flutning út í Surtsey.

Strjúka af hörðum flötum og ryksuga upp úr kistum og öðrum hirslum plöntuleifar og jarðveg ef sjáanlegt.

Yfirlfara skal allan búnað og hirslur með búnaði fyrir brottför til að tryggja að ekkert leynist þar sem óheimilt er að flytja til eyjarinnar.

Hreinsa skal öll verkfæri, svo sem þrifætur, göngustafi, skóflur og þess gætt að engin sjáanleg óreinindi séu á sléttum flötum og í sprungum eða kverkum í verkfærinu.

## Sorp og úrgangslosun

Flytja skal allan úrgang frá eyjunni að dvöl lokinni. Sé þess unnt skal leita leiða til að flokka endurvinnanlegan úrgang. Séu fullir ruslapokar geymdir utan skálans skal þess gætt að mávar og hrafninn komist ekki í pokana. Ganga skal tryggilega frá sorpinu fyrir flutning til að koma í veg fyrir að ruslapokar eða önnur ílát rifni eða opnist og innihaldið dreifist úr þeim.

Heimilt er að kasta af sér þvagi á ákveðnum svæðum við Pálsbæ. Af hreinlætisástæðum er staðsetning þeirra staða ákveðin í upphaf leiðangurs og merktar með því að grafa þar holu sem pissa skal í. Aðstaðan er kynjaskipt. Óheimilt er að „vökva“ plöntur í Surtsey en þvagið virkar sem áburður og getur haft áhrif á vöxt plantna.

Hægðarlosun skal takmarkast við fjöruna neðan við Gústavsberg hafi hópurinn ekki gert aðrar ráðstafanir svo sem með ferðasalernum. Skal sú losun fara fram eins nálægt sjávarmáli og hægt er án þess að öryggi viðkomandi sé ógnað. Hylja skal saurinn með grjóti svo hann fljóti ekki um í sjónum í næsta flóði. Ákveði hópur að taka með sér ferðasalerni til eyjarinnar skal losun þess fara fram utan friðlandsins.